

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Breyting á deiliskipulagi við Stangarholt.*

Breyting felst í því að geymslur verða jafnframt skilgreindar sem gestahús og verður hámarksstærð þeirra 20 m<sup>2</sup> í stað 10 m<sup>2</sup>.

*Breyting á deiliskipulagi tjaldsvæðis og húsdýragarðs á Ölvaldsstöðum I.*

Breyting felst í að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir íbúðarhús og bílgeymslu austan við mini golfvöll. Hámarksstærð húss er 120 m<sup>3</sup> og hámarksþakhæð er 4,5 m. Byggingarreitur sem ætlaður var fyrir þjónustuhús er breytt í byggingarreit fyrir íbúðarhús. Aðkomuvegi er breytt á tveimur stöðum.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Þær hafa verið yfirfarnar af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreind skipulagsmál öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 22. nóvember 2005.*

**Sigurður P. Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. desember 2005